



Áskorun Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) vegna endurnýjunar á sjúkrabílaflota landsins – öryggi starfsmanna og sjúklinga í hættu.

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) lýsir yfir þungum áhyggjum vegna stöðu sjúkrabíla á Íslandi. LSS leggur áherslu á að málefnum sjúkraflutninga í landinu verði komið í ásættanlegt horf hið fyrsta, enda er endurnýjun bifreiða og tækjakosts nú þegar farin að hafa áhrif á málaflokkinn. Þau áhrif munu verða meiri eftir því sem lausn málsins dregst frekar.

Í september mánuði síðastliðnum sendi LSS frá sér ályktun þar sem skorað er á ráðuneyti heilbrigðismála að tryggja áframhaldandi endurnýjun sjúkrabílaflotans á Íslandi.

Engin lausn virðist vera í sjónmáli varðandi þetta aðkallandi mál !

LSS ítrekar því hér áskorun sína á heilbrigðisráðuneytið að koma þessu mikilvæga máli í viðunandi farveg. Nauðsynlegt er að tryggja áframhaldandi endurnýjun sjúkrabíla á Íslandi svo sómi sé að og öryggi þjónustuega og starfsfólks sé ekki ógnað.

Fyrir hönd stjórnar,

Stefán Pétursson, formaður LSS

Njáll Pálsson, formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna LSS